

# Slysavarnardeild Kjalarness - SVDK

## Afritun fundagerðabókar 1949 - 1960

29. desember 1949

Fimmtudaginn 29. des 1949 var haldinn stofnfundur "Slysavarnardeildar Kjalarness" að Klébergi. Fundarsækjendur voru um 60 þ.á.m. Jón S. Bergsveinsson erindreki S.V.F.Í. Ólafur Bjarnarson, Brautarholti setti fundinn og tilnefndi Ólaf Ólafsson sem fundarritara, því næst lýsti hann aðdraganda fundarins. Hann sagði, að séra Jón M. Guðjónsson Akranesi hefði hringt til sín sl. sumar og rætt við sig um möguleika á stofnun Slysavarnardeildar á Kjalarnesi og hefðu þeir orðið ásáttir um að slíkt væri nauðsynjamál. Skömmu síðar hefði séra Jón skrifað 5 eftirtöldum konum og körlum í hreppnum og beðið þau um að veita málinu forgöngu.

Ólafi Bjarnasyni Brautarholti  
Guðmundi Guðmundssyni Móum  
Málmhildi Magnúsdóttur Lykkju  
Þorláki Kristjánssyni Álfsnesi  
og Valdimar Guðmundssyni Varmadal.



Ólafur Bjarnarson


Starf undirbúningsnefndar hefði aðallega verið fólgið í því að láta lista ganga um hreppinn til áskrifta, og nú væru um 108 nöfn á listanum, en listi lægi frammi á fundinum til áskriftar. Upphaflega hefði fundurinn átt að vera fyrr, en dregist vegna ýmissa smáerfiðleika. Hann gat þess, að séra Jón M. Guðjónsson væri væntanlegur á fundinn síðar um daginn og einnig þess, að á fundinum ætti að sýna kvikmyndina "Björgunin við Látrabjarg". Að svo búnu gaf fundarstjóri Jóni E. Bergsveinssyni orðið. Jón lýsti nokkuð starfi Slysavarnarfélaga hér á landi og í öðrum löndum og þeim grundvelli, sem slík félög starfa á. Hann lýsti t.d. björgun áhafnarinnar af ??. Sargon, og dró ýmsar ályktanir þar af um hjálpssemi og baráttuvilja fólksins, en það væru tvær meginhugsjónir Slysavarnarfélaga. Því næst tók Ólafur Bjarnarson aftur til máls og las upp lista þá, er gengið höfðu um hreppinn og voru það, eins og áður er getið, 108 nöfn. Þá las hann upp löginn og bað fundarmenn um tillögur í þeim efnum, sem ekki væri fastákveðið í lögum S.V.F.Í. Hér á eftir fara lög félagsins, eins og þau voru samþykkt á fundinum.

### **Lög S.V.D.K.**

- I. gr. Slysavarnardeildin heitir "Slysavarnardeild Kjalarness".
- II. gr. Tilgangur deildarinnar er að styðja S.V.F.Í. í störfum þess, gefa stjórn þess allar upplýsingar um skipisströnd, drukknanir og aðrar slysfarir er gerast á starfssvæði hennar jafnskjótt og þess er kostur og láta félaginu í té álit sitt um allt er verða má félaginu og stefnumálum þess til eflingar og gagns.
- III. gr. Ársgjald félagsmanna skal vera 5 kr. fyrir fullorðna menn og konur, en 1 kr. fyrir börn innan fermingar, er greiðist eigi síðar en 1. des ár hvert.
- IV. gr. Á hverju ári skal deildin halda a.m.k. eina skemmtun til ágóða fyrir slysavarnarstarfsemina.
- V. gr. Deildinni stjórna 5 menn er skipta sjálfir með sér störfum. Auk þess sé 5 fulltrúaráð henni til aðstoðar og endurskoðendur tveir.
- VI. gr. Aðalfundur deildarinnar skal haldinn í des. ár hvert. Þar skal stjórnin leggja fram skýrslu um störf og rekstur deildarinnar á liðnu ári. Þar skal og kjósa stjórn, fulltrúaráð og endurskoðendur til næsta árs, taka ákvarðanir um starf deildarinnar á næsta ári og ræða annað það er hana varðar. Aðalfundur er lögmætur er 1/10 félagsmenn mæta. Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum mála á félagsfundum. Meðlimir innan 14 ára aldurs hafa ekki atkvæðisrétt.
- VII. gr. Að afloknum aðalfundi skal stjórn deildarinnar senda S.V.F.Í. skýrslu um störf hennar á árinu, afrit af reikningum s.kv. VI. gr. í lögum S.V.F.Í.
- VIII. gr. Ákvæðum þeim, er snerta samband deildarinnar við S.V.F.Í. má aldrei breyta.
- IX. gr. Lög þessi öðlast gildi er þau hafa verið samþykkt af félagsmönnum.

Þá var gengið til stjórnarkjörs. Eftirtaldir menn voru kosnir:

Gísli Jónsson Arnarholti  
Anna Jónsdóttir Álfsnesi  
Kristjana Magnúsdóttir Lykkju  
Teitur Guðmundsson Móum  
Páll Ólafsson Brautarholti



Gísli Jónsson, Kristjana Magnúsdóttir, Teitur Guðmundsson, Páll Ólafsson

Eftirtaldir menn voru kjörnir í fulltrúaráð: Gunnar Tryggvason Skrauthólum, Sigurður Loftsson Saltvík, Kristján Þorgilsson Hofi, Jónas Magnússon Stardal og Bjarni Þorvarðsson Bakka. Endurskoðendur voru kjörnir þessir: Magnús Jónasson Völlum og Guðmundur Guðmundsson Móum. Fulltrúar á aðalfund S.V.F.Í. voru kjörnir þessir: Ólafur Bjarnason Brautarholti og Guðmundur Guðmundsson Móum.

Því næst var sýnd kvikmyndin "Björgunin við Látrabjarg". Að henni lokinni mælti séra Jón M. Guðjónsson nokkur hvatningar- og heillaorð til fundarmanna, hverjum menn gerðu róm að.

Fundarstjóri þakkaði því næst séra Jóni hin hlýju orð. Því næst tilkynnti hann að á fundinum hefði tala félagsmanna aukist og væru þeir nú 120. Því næst þakkaði hann þeim séra Jóni M. Guðjónssyni og Jóni E. Bergsveinssyni komuna og sagði svo fundi slitið.

Ólafur Bjarnason og Ólafur Ólafsson (ritari).



Gunnar Tryggvason

#### 21.febrúar 1950

Fyrsti stjórnarfundur Slysavarnardeildar Kjalarneshrepps var haldinn að Arnarholti 21.febr 1950. Mættir voru á fundinum Kristjana Magnúsdóttir, Gísli Jónsson, Páll Ólafsson og Teitur Guðmundsson, einn stjórnarliður gat eigi mætt frú Anna Jónasdóttir. Stjórnin varð ásátt að skifta með sér verkum þannig, Gísli Jónsson form., Páll Ólafsson gjaldkeri, Anna Jónasdóttir og Kristjana Magnúsdóttir honum til aðstoðar við innheimtu, Teitur Guðmundsson ritari. Þá mætti á fundinum Ólafur Bjarnason og tók til máls fyrir hönd undirbúningsnefndar hann gat þess að félagar væru nú orðnir 173 og væru öll árgjöld innheimt. Tekjur umfram gjöld á árinu námu 937 kr þar af gengu 702.75 til Slysav. Ísl. og 234.25 til Kjalarnesdeildar. Síðan skilaði Ólafur af sér gögnum og peningum deildarinnar. Þá var rætt um að halda skemmtun til fjáröflunar. Formanni var falið að fara á fund erindreka S.V.F.Í. til viðræðna um tilhögun slysavarna og leita upplýsinga um nauðsynlegustu tæki þar að lútandi. Að lokum var samþykkt að stjórnin kæmi næst saman á fund í miðjum marz.

Fundi slitið, Teitur Guðmundsson.

#### 11.apríl 1950

Stjórnarfundur var haldinn að Brautarholti 11/4 1950. Allir stjórnarmeðlimir mættir. Formaður skýrði frá viðræðum sínum við skrifstofustjóra Slysavarnarfélags Íslands Henry Hálfðánarson um starfsemi deildarinnar. Formaður fékk þar góðar undirtektir og þær upplýsingar að Slysavarnarfélag Íslands mundi leggja deildinni til öll þau nauðsynlegustu tæki sem að gagni mætti koma á félagssvæðinu, einnig kunnáttumann til að kenna félagsmönnum með ferð þeirra. Þá var samþykkt að halda skemmtisamkomu til fjáröflunar 6.maí, og skiftu stjórnarmeðlimir með sér störfum við undirbúninginn. Þá var rætt um stað til að geima væntanleg björgunartæki, varð það að samkomulagi að fá þau geimd að Arnarholti. Þar sem ekki lá fleira fyrir (fundinum) var fundi slitið.

Teitur Guðmundsson ritari

#### 25.ágúst 1950

Stjórnarfundur var haldinn að Lykkju föstudaginn 25.ágúst 1950 og hófst kl 2130. Allir stjórnarmeðlimir mættir. Á fundinum var rætt um að halda samkomu á haustinu til fjáröflunar fyrir félagið, einnig að haldinn yrði almennur félagsfundur þar sem kennd yrði meðferð slysavarnatækja og annað sem til slysavarna mætti verða. Ákveðið var að halda félagsfundinn 10. eða 17.sept eftir því sem ástæði gagnvart öðrum samkomum. Á fundinum var gart ráð fyrir að samkoman yrði 23.sept kl 9 um kvöldið, á samkomunni yrði bögglaupþað sem aflað yrði að einhverju leiti hjá félags mönnum Í lok fundarins var lítillega rætt um brunavarnir, en ekkert ákveðið þá.

#### 25.september 1950

Stjórnarfundur var haldinn í Slysavarnardeild Kjalarness mánudaginn 25.sept 1950 að Móum. Öll stjórnin var mætt á fundinum. Formaður setti fundinn og bauð Sigurð Loftsson velkominn, en tók sæti í

stjórninni sem gjaldkeri er Páll Ólafsson fór af landi búrt. Fundurinn ákvað að halda samkomu með böglauppboði og dansi til fjáröflunar fyrir deildina að Klébergi laugardaginn 30.sept. Stjórnin skifti síðan með sér störfum til undirbúnings samkomunnar. Síðan var formanni falið að hafa tal af Jóni Oddgeiri Jónssyni og ákveða í samráði við hann um fund þar sem kennd yrði slysavarnir og meðferð slysavarnartækja. Þar sem ekki lag fleira fyrir fundinum var fundi slytið. Teitur Guðmundsson ritari

#### 19.nóvember 1950

Félagsfundur var haldinn í Slysavarnardeild Kjalarness sunnudaginn 19.nóv 1950 kl 14.30 að Klébergi. Formaður setti fundinn og las upp dagskrá hans.

- 1.mál Jón Oddgeir Jónsson flytur erindi og sýnir slysavarnarkvikmyndir
- 2.mál – “ – Símamál
- 3.mál – “ – Björgunartæki
- 4.mál – “ – Önnur mál

Þá tók Jón Oddgeir til máls og ræddi um lífgun úr dauðadái, og sýndi síðan kvikmynd því til skýringar, síðan sýndi hann umferðarkvikmynd og að lokum tvær skemmtikvikmyndir. Síðan bað Jón Oddgeir fundarmenn að koma út, þar sem að hann sýndi meðferð einfalds handslökkvitækis. Þá kenndi Jón Oddgeir meðferð lyfj og umbúða þeirra sem almennt er notað við hjálp í viðlögum. Þá tók formaður til máls og ræddi um símamál, og bar svohljóðandi tillögu:

Almennur félagsfundur í Slysavarnardeild Kjalarness haldinn 19.nóv 1950 að Klébergi skorar á stjórn Slysavarnarfélags Íslands að hlutast til um við stjórn símamála að komið verði á nætursambandi við Reykjavík á eina línu í hreppnum. Greinargerð. Síðan símstöðin á Brúarlandi var gerð að aðalstöð og þær stöðvar sem áður voru á Kjalarnesinu fluttar þangað hefur reynst ógerlegt að ná símasambandi við Reykjavík eftir kl 20 nema Brúarland væri áður beðið að hafa stillt inná umbeðna línu. Nú er það einu sinni svo að slys gera ekki boð á undan sér því er það að ef slys ber að höndum í Kjalarneshreppi eftir kl 20 að kvöldi eða milli 13-14 að degi er ógerningur að ná í símasamband nema á Brúarlandi eða Eyri í Kjós. Þar sem vitað er að dælustöð Reykjavíkurbæjar og Bjarni Ásgeirsson Reykjum hafa nætursamband við Reykjavík, þykir oss ekki úr vegi að nætursamband Dælustöðvarinnar verði látið duga fyrir þann hrepp en Kjalarneshreppi yrði látið í tje eitt nætursamband við Reykjavík.

Síðan var orðið gefið frjálst og urðu dálitlar umræður um tillöguna. Ólafur Bjarnason lagði til að sleppt yrði úr tillögunni sá kafli sem nánars var greint frá nætursambandinu í Mosfellssveitinni. Þá töluðu Haraldur í Sjávarhólum og Jónas í Stardal um hvert að ekki væri hægt að fá Brúarland til að svara neidarhringingum eins og væra ætti og töldu það mikla bót ef hægt væri að koma því í lag. Að lokum var tillagan samþykkt samhljóð með þeim breitingum að felldur yrði úr greinargerðinni sá kafli sem kvað nánar á með nætursambandið í Mosfellssveit. Um það mál urðu ekki meiri umræður og þar sem mjög var farið að fækka á fundinum var honum slitið.

Teitur Guðmundsson ritari

#### 25.nóvember 1950

Eftir almenna félagsfundinn 19.nóv kom stjórnin saman og samþykkti að senda stjórn S.V.F.Í. eftirfarandi bréf varðandi björgunartæki:

Stjórn Slysavarnardeildar Kjalarness beinir þeim tilmælum til Slysavarnarfélags Íslands hvert félagið sjái sér ekki fært að láta deildinni í té þau tæki sem talist gætu að gagni komið á svæðinu.

Stjórnarfundur var haldinn á Klébergi laugardaginn 25.nóv 1950 kl.1315. Öll stjórnin var mætt á fundinum. Samþykkt var að halda aðalfund deildarinnar á Klébergi sunnudaginn 10.des

#### 16.desember 1950

Aðalfundur Slysavarnardeildar Kjalarness var haldinn laugardaginn 16.des 1950 að Klébergi og hófst kl.1415. Formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna, las síðan upp dagskrá fundarins:

- 1.mál Löggð fram og lesin skýrsla stjórnar
2. Stjórnarkostning
3. Ákvarðanir um störf deildarinnar á næsta ári
4. Önnur mál sem fram kunna að koma

Formaður las upp skýrslu stjórnarinnar gat þess að á árinu hefðu verið haldnir 2.félagsfundir, 2.samkomur til fjáröflunar, 4.stjórnarfundir og námskeyð í hjálp í viðlögum. Þá lás gjaldkeri upp reikninga deildarinnar, deildin á á sjóði kl.783.10, auk sjúkra kassa og peningakassa, en samanlagt kaupverð þeirra var 530. Þar sem engin hafði neitt við reikningana að athuga voru þeir bornir upp undir atkvæði og samþykktir samhljóða. Þá las ritari upp fundargerð síðasta fundar, og var engin athugasemd gerð við hana. Síðan var gengið kostning, í stjórn voru kosnir, Teitur Guðmundsson, Gísli Jónsson, Kristjana Magnúsdóttir, Sigurður Loptsson og Anna Jónsdóttir. Í fulltrúaráð voru kosnir, Kristján Þorgeirsson, Bjarni Þorvarðarson, Ólafur Magnússon, Guðmundur Ólafsson og Aðalbjörg Jónsdóttir á Jörfa. Þá ræddi form um starfið í framtíðinni og ræddi sérstaklega um eldvarnir, hann drap á hvert að félagið ætti að láta handslökkvitækin næja eða athuga um fullkomna véldælu og vats tank, og lagði til að fundarmenn létu álit sitt í ljós ar að lútandi. Jónas í Stardal tók þá til máls og lagði til að stjórnin kynnti sér verð og nothæfni þeirra tækja sem helst kæmu til greina varðandi eldsvörnum. Þar næst talaði Haraldur í Sjávarhólum og lagði til að stjórnin beitti sér fyrir því að brunastigi og brunakaðall væru til á hverjum bæ og tiltækilegir er á þyrfti að halda. Jónas í Stardal gerði fyrirspurn um hvernig nætursambandinu væri háttað, og las ritari þá upp bréf frá Landssímastjórninni sem deildinni hafði

borist þar að lútandi. Þá upplýsti formaður að Jón Oddgeir Jónsson myndi koma með brunakaðla um leið og hann kæmi með björgunartæki deildarinnar. Þá tók til máls Teitur í Móum og gerði það að tillögu sinni að stjórnin aflaði sér upplýsingar á hverjum bæi í sveitinni fyrir sig um hvert að komast mætti að næjanlegu vatni og hve langt væri í það, með það fyrir augum að fá úr því skorið að hve miklu leiti vélknúin dæla myndi að gagni koma ef eldsvoða bæri að höndum. Þá talaði Sigurður í Saltvík og bar fundarmönnum kveðju frá Henry Hálfðanarsyni þar sem hann þakkaði framlag deildarinnar til Slysavarnarfélags Ísl. Einnig færði Sigurður öllum þeim þakkir sem beint eða óbeint hefðu stuðlað að góðum fjárhag deildarinnar. Að lokum talaði Gísli í Arnarholti og lagði til að haldin yrði ein samkoma með góðum skemmtikröftum ekki til fjáröflunar heldur til að gefa mönnum kost á að skemmta sér sameiginlega, sem þakklætisvottur til allra félagsmanna fyrir veittan styrk til deildarinnar. Fundi slitið, Teitur Guðmundsson ritari.

#### 26.apríl 1951

Stjórnarfundur. Fundurinn var haldinn að Álfsnesi kl 21, öll stjórnin mætt. Formaður setti fundinn og las upp mál þau er fyrir lágu.

1. mál. Bréf sem farið var þess á leit að deildin beindi sér fyrir merkjasölu á lokadaginn, og fylgdu með 50 st merki. Samkomulag varð um að formaður biði merkin til sölu að Arnarholti og síðan myndi stjórnin skifta sér um að selja afganginn. Stofnuð var björgunarsveit með 23 mönnum. Formaður var kosinn Teitur Guðmundsson og varaform. Sigurður Loftsson og að björgunaráæfing færi fram um leið og starfsmenn Slysavarnarfélags Íslands afhentu sveitinni björgunartækin. Þá var rætt um eldsvarnir og ákveðið að vélknúin dæla á vagni kæmi þar að bestum notum. Formanni var falið að hafa tal af slökkviliðsstjóranum í Reykjavík til að leita álits hans hvaða gerð tækja kæmu að bestum notum á starfsvæði deildarinnar. Síðan léti stjórnin fara fram athugun á hversu langt sé í nothæft vatsból fyrir véldælu á hverjum bæ fyrir sig í sveitinni. Ákveðið var að halda samkomu á Jónsmessu með Baldri og Konna og góðri hljómsveit.

Teitur Guðmundsson ritari

#### 21.nóvember 1951

Stjórnarfundur. Fundurinn var haldinn að Arnarholti miðvikudaginn 21.nóv 1951. Mættir voru á fundinum Gísli Jónsson, Sigurður Loftsson, Kristjana Magnúsdóttir, Teitur Guðmundsson og Aðalheiður Jónsdóttir sem gekk inn í stjórnina sem varamaður fyrir Önnu Jónsdóttir. Auk þess var Örn Kristjánsson mættur sem fulltrúi skemmtinefndar Ungmennafélags Kjalnesinga. Formaður setti fundinn og bauð Aðalheiði Jónsdóttir velkomna í stjórnina, og ræddi síðan um slysavarnardeildina og Ungmennafélagið heldi sameiginlega skemmtun, og voru fundarmenn því samþykktir. Ákveðið var að hafa samkomuna 24.nóv á Klébergi og að fá Guðrúnu Brunnborg til að sýna kvikmyndina "Við giftum okkur". Fundarmenn skiftu sér um undirbúninginn að samkomunni. Formaður skýrði frá að hann hafi haft tal af Slökkviliðsstjóranum í Reykjavík til að fá hjá honum upplýsingar tegundir og verð slökkvidæla, sem að mestu gagni mætti koma á deildarsvæðinu. Eigi fékk formaður fullnaðar svör þar að lútandi og var ráðlagt að leita til Eldvarnaeftirlitsmanns Ríkisins. Samþykkt var að hald aðalfund deildarinnar 8.des 1951 að Klébergi kl. 2 e.m.

Fundi slitið. Teitur Guðmundsson ritari

#### 9.desember 1951

Aðalfundur Slysavarnardeildar Kjalarness var haldinn að Klébergi 9.des 1951 kl. 15. Fundarmenn 11 talsins. Formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkoma, las síðan dagskrá hans.

1. Skýrsla stjórnarinnar
2. Lagðir fram reikningar deildarinnar
3. Lesnar fundargerðir
4. Stjórnarkostning, kosnig endurskoðenda og fulltrúa á landsþing Slysavarnarfélags Íslands
5. Áætlun fyrir næsta ár
6. Önnur mál

Formaður rakti störf deildarinnar á liðna árinu, haldnir höfðu verið tveir stjórnarfundir, og ein samkoma á samvinnu við Ungmennafélag Kjalnesinga. Stofnuð var björgunarsveit, og haldinn björgunaráæfing. Jón Oddgeir Jónsson starfsmaður Slysavarnarfélags Íslands afhenti deildinni fullkominn fluglínutæki til umsjár, og kenndi meðferð þeirra. Ennfremur tók deildin þátt í leitinni að flugvélinni Glytfaða, og aðstoðaði nokkrum sinnum við leitir að fólki sem saknað var. Þá voru lesnar reikningar deildarinnar. Tekjur umfram gjöld á árinu námu 665 kr, þar af gengu 498 kr 75 aurar til Slysavarnarf. Íslands, og þá hlutur deildarinnar 166.25. Frá fyrra ári átti deildin 561 kr 42 aura því saman lögð sjóðseign 727.67 kr auk sjúkrakassa og peningakassa. Þar sem engin gerði athugasemd við reikningana voru þeir bornir upp og samþykktir samhljóða. Lesnar voru fundargerðir frá árinu og samþykktar athugunarsemdarlaust. Þá var gengið til stjórnarkostningar. Fundarmenn létu í ljós vilja sinn á að stjórnin yrði endurkjörin með lófataki. En hana skipa Gísli Jónsson form. Teitur Guðmundsson ritari, Sigurður Loftsson gjaldkeri og Kristjana Magnúsdóttir og Aðalbjörg Jónsdóttir meðstjórnendur. Á sama hátt voru endurskoðendur endurkjörnir, þeir Guðm. Guðmundsson og Magnús Jónason. Fulltrúa ráðið var einnig endurkjörið, en þar sem einn meðlimur þar hefði gengið í stjórnina, í staðinn fyrir Önnu Jónsdóttir sem fluttist af deildarsvæðinu á árinu stakk formaður uppá Unni Valdimarsdóttir og var einróma samþykkt. Fulltrúarráðið skipa þá Unnur Valdimarsdóttir, Kristján Þorgeirsson, Bjarni Þorvarðarson, Ólafur

Magnússon og Guðmundur Ólafsson. Fulltrúar til að mæta á Ársþingi S.V.F.Í. þeir Ólafur Bjarnason og Teitur Guðmundsson. Þá tók formaður til máls og ræddi starfið á komandi ári og kvað það mest fólgið í því að vera vel á verði við allri slyshættu, einnig mundi stjórnin vinna að því að fá úr því skorið um nothæfni vélknúnar slökkvidælu og haga framkvæmdum þess máls eftir álitni sérfróðs manns. Þá talaði Bjarni Þorvarðarson og lagði til að samið yrði við Slökkvilið Reykjavíkurbæjar að gegna brunakalli af deildarsvæðinu og taldi hæpið að vélknúin dæla yrði það vél geimdrög og gætt hún yrði tiltækileg ef að á þyrfti að halda. Teitur á Móum tók til máls og taldi víst að Slökkvilið Reykjavíkurbæjar myndi ekki gefa bindandi loforð um að gegna brunakalli utan lögsagnarumdæmi Reykjavíkur, því að það mundi veikja eldsvarnir bæjarins og þar væri starfssvið þess fyrst og fremst, þó svo að liðið hjálpaði til við eldsvoða ef það sæji sér fært. Um véldælu áleit Teitur það hreinan trassaskap, ef að hún væri ekki í lagi ef á þyrfti að halda. Þar sem ekki kvóddu sér fleiri hljóðs, þakkaði formaður fundarmönnum fyrir góða fundarsetu og sagði fundi slitið.

Teitur Guðmundsson ritari

### 13. desember 1952

Aðalfundur Slysavarnardeildar Kjalarness var haldinn að Klébergi 13. des 1952. Mættir voru 17 félagsmenn. Formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna og las dagskrá hans.

1. Skýrsla stjórnar
2. Lesin fundargerð síðasta aðalfundar, ásamt stjórnarfundum og aðsendum bréfum.
3. Lesnir reikningar.
4. Síamál.
5. Björgunarmál og eldsvarnir.
6. Önnur mál.
7. Stjórnarkostning.

Formaður flutti skýrslu stjórnarinnar, á árinu var haldinn einn stjórnarfundur þar sem rætt var ákveðið að hafa björgunaræfingu sama dag og aðalfund. Það sögulegasta sem skeði hjá deildinni á árinu var að henni auðnaðist að bjarga áhöfn og farþegum af M/S LAXFOSSI sem strandaði í Brautarholtsnesinu 19. jan. Þá las ritari upp fundargerð síðasta aðalfundar, sem var samþykkt athugasemdalaust. Einnig las ritari upp bréf sem deildinni hafði borist



frá S.V.F.Í. um hvert að tiltækilegt væri fyrir deildina að minnast 25.ára afmælis S.V.F.Í. 29. jan, einnig upplýsingar um, að tilhlutum S.V.F.Í. yrðu danslög leikin í útvarpinu það kvöld fyrir þær deildir sem vildu hafa aðgang að ódýrri músikk, og oftast ef deildirnar teldu það til hagræðis fyrir félagsstarfseminu, og vænti að stjórnin sendi sína umsögn þar að lútandi til S.V.F.Í. Formaður tók til máls og ræddi bréfið nánar. Fundurinn samþykkti að æskja eftir dansmúsikk, en vísaði til stjórnar hvert tiltækilegt væri að minnast 25.ára afmælis S.V.F.Í. Þá las gjaldkeri upp reikninga deildarinnar, tekjur á árinu námu 620 kr. þar af runnu til S.V.F.Í. 465 kr. en til deildarinnar sjálfvar 155. Því sjóðseign samtals 987.65 kr. auk sjúkrakassa og peningakassa. Þá las ritari frumdrög að bréfi frá stjórninni til Landssíma Ísl. þar sem að farið var frammá nætursamband fyrir þá línu í hreppnum sem ekki hafði þegar fengið það. Var það lítillega og síðan samþykkt að senda það óbreytt eins og stjórnin samdi það. Þá skýrði formaður frá að hann hefði farið á fund Eldvarnareftirlitsmanns Ríkisins og haft tal af honum um hvaða ráðstafanir væru líklegastar til eldsvarna á félagssvæðinu. Taldi hann vélknúna slökkvidælu það heppilegasta, hann áleit ef að áframhaldandi áhugi væri fyrir þessu væri rétt að hafa tal af sé aftur og hafa þá forvegismenn sveitastjórnarinnar með í ráðum, svo sem oddvita, ásamt slysavarnardeildarfulltrúum til frekari undirbúnings. Um þetta mál urðu talsverðar umræður en að lokum var samþykkt að kjósa 3ja manna nefnd til að vinna að þessum málum freka, kostnir voru Jónas Stardal, Ólafur Klébergi og Teitur í Móum. Þá fór fram stjórnarkostning. Kostningu hlutu þau Kristján Hofi, Unnur Varmadal, Kristinn Norðurkoti, Bjarni Bakka og Oddný á Esjubergi. Í fulltrúaráð voru kjörnir Ólafur Klébergi, Rannveig Völlum,

Guðmundur Arnarholti, Gunnar Skrauthólum og Guðrún Vallá. Þar sem ekki lá fleira fyrir fundinum, það formaður félögunum fundarsetuna og sagði fundi slitið.

Teitur Guðmundsson ritari



Unnur Valdimarsdóttir

#### 17. desember 1952

Stjórnarfundur var haldinn í Varmadal miðvikudag 17. desember 1952. Mætt var öll hin nýkjörna stjórn, en hana skipa: Oddný Árnadóttir, Kristján Þorgeirsson, Bjarni Þorvarðarson, Kristinn Sigfússon og Unnur Valdimarsdóttir. Stjórnin skifti með sér verkjum, þannig: Kristján Þorgeirsson formaður, Bjarni Þorvarðarson gjaldkeri, Unnur Valdimarsd. ritari. Meðstjórnendur Oddný Árnadóttir og Kristinn Sigfússon. Samþykkt var, að senda S.V.F.Í. bréf, þar sem deildin lýsti ánægju sinni yfir, að félagið reyndi að gangast fyrir mánaðarlegum dansskemmtunum í útvarpinu.

Fundi slitið Unnur Valdimarsdóttir ritari.



Kristinn Sigfússon

#### 10. maí 1953

Stjórnarfundur var haldinn að Esjubergi sunnudag 10. maí 1953. Mætt var öll stjórnin. Formaður stakk upp á því, að slysavarnardeildin héldi skemmtisamkomu og var ákveðið að skemmtun yrði haldin að Klébergi laugardaginn 16. maí. Ákveðið var að reyna að fá lánaða kvikmynd Hestamannafélagsins Harðar til sýningar á skemmtuninni, og einnig að reyna að fá nokkra féлага úr Ungmennafélaginu að sýna þjóðdansa þar eð þeir höfðu verið æfðir að undanförunu. Þar sem ekkert svar hefði borist frá Landssíma Íslands, viðvirkjandi beiðni um nætursamband fyrir þá einu línu í hreppnum, sem ekki hefði fengið það, var samþykkt að ítreka beiðnina. S.V.F.Í. hafði farið þess á leit við deildina, að hún beitti sér fyrir merkjasölu á lokadaginn og skifti stjórnin þeim á milli sín til sölu.

Fundi slitið

Unnur Valdimarsdóttir ritari

#### 27. nóvember 1953

Stjórnarfundur haldinn í Varmadal föstudag 27. nóv 1953. Mætt var öll stjórnin. Ákveðið var að halda aðalfund deildarinnar sunnudaginn 6. desember að Klébergi kl. 1½. Formaður skýrði frá því að Jón Oddgeir Jónsson fulltrúi S.V.F.Í. hafi boðist til að sýna kvikmynd á aðalfundinum. Stjórnin var sammála um að reyna að halda símamálinu vakandi, þar til einhver árnagur næðist.

Fundi slitið

Unnur Valdimarsd. ritari

#### 6. desember 1953

Aðalfundur Slysavarnardeildarinnar Kjalarness, var haldinn að Klébergi sunnudaginn 6. des. mættir voru 14 félagar, auk 15 barna. Formaður bað Bjarna Þorvarðason að vera fundarritara, í stað ritara félagsins sem eigi var mættur. Þá var gengið til dagskrár og tekið fyrir fyrsta mál, sem var skýrsla stjórnarinnar sem formaður flutti, formaður gat þess í skýrslu sinni að haldnir hefði verið þrjú stjórnarfundir, ein skemmtun var haldinn á árinu, en á henni varð tap, því fáir komu. Þá minntist formaður á að ekkert svar hefði fengist við beiðni um nætursíma á alla bæi sveitarinnar. Þá gaf formaður orðið laust við skýrslu stjórnarinnar og tók þá til máls Haraldur Jósefsson og talaði um símamálið og einnig að fengnir yrðu brunastigar þar sem þeirra þyrfti með. Þá tók til máls formaður og taldi hann rétt að vísa brunavörnum til næstu stjórnar. Þá las formaður upp fundargerðir síðasta aðalfundar og stjórnarfunda. Þá tók til máls Hjálmar á Jörfa og talaði um símamálið og hvatti til að félagið ynni áfram að því máli. Síðan voru fundargerðirnar samþykktar.

Þá las gjaldkeri upp reikninga félagsins, tekjur urðu 662 krónur og gjöld 211 krónur, og til S.V.F.Í. 338 krónur. Eignir félagsins 1766 krónur. Reikningarnir samþykktir.

Þá tók til máls Kristján Þorgeirsson formaður félagsins og talaði um símamálið margfræga og gaf síðan orðið laust um það mál. Og tók þá til máls Haraldur í Sjávarhólum og taldi hann rétt að fá hreppsnefndina til að vinna að þessu máli með félaginu. Guðmundi Péturssyni var nú gefið orðið, en

hann var mættur á fundinn í staðinn fyrir Jón Oddgeir, sem bauðst til að sýna myndir að fundinum loknum. Hann ráðlagði að leggja þetta símamál fyrir landsfund S.V.F.Í. Guðmundur ræddi því næst um slysavarnarmál yfirlit og gat þess meðal annars að félagið væri núna að festa kaup á nýrri sjúkraflugvél. Þá var gengið til stjórnarkjörs. Í stjórn voru kosnir:

Kristján Þorgeirsson 10 atkvæði  
Oddný Árnadóttir 9 atkvæði  
Bjarni Þorvarðsson 8 atkvæði  
Haraldur Jósefsson 4 atkvæði  
Málmhildur Magnúsdóttir 5 atkvæði



Málmhildur Magnúsdóttir, Oddný Árnadóttir, Bjarni Þorvarðsson

Varastjórn Páll Ólafsson, Aðalbjörg Jónsdóttir, Teitur Guðmundsson, Unnur Andrésdóttir og Hjálmar Þorsteinsson. Endurskoðendur Guðmundur Guðmundsson og Ólafur Bjarnason Brautarholti. Fulltrúar á þing S.V.F.Í. Teitur Guðmundsson, Kristján Þorgeirsson og til vara Bjarni Þorvarðsson og Málmhildur Magnúsdóttir.

Fundi slitið, kvikmyndasýning.  
Bjarni Þorvarðsson fundarritari



Málmhildur á hestinum fræga Patreki, Unnur Ó. Andrésdóttir

### 3. janúar 1954

Stjórnarfundur haldinn að Hofi sunnudaginn 3. janúar 1954 klukkan hálf tíu e.h. Fundarefni: hin nýkjörna stjórn skiptir með sér verkum og varð samkomulag um verkaskiptingu þannig að Kristján Þorgeirsson verði áfram formaður en Haraldur Jósefsson taki við gjaldkera stöðunni af Bjarna Þorvarðssyni en hann verði ritari. Rætt var um að halda þorablót fyrsta þorradag og var samþykkt að skrifa Búnaðarfélaginu bréf um það hvort það hugsi sér að nota þennan dag til þess arna. Bréfið skrifað og samþykkt. Skýrsla til S.V.F.Í. skrifuð.

Fundi slitið, Bjarni Þorvarðsson



Haraldur Jósefsson

### 5. janúar 1954

Stjórnarfundur haldinn að Klébergi 5. janúar og var þar tekið fyrir tilboð frá Búnaðarfélaginu, sem svar við bréfi því er, stjórnin sendi því. En tilboð það var það, að Búnaðar- og Slysavarnarfélagið haldi þorablót í félagi og varð samkomulag á þeim grundvelli, að ágóðinn rynni til Slysavarnarfélagsins en ef tap yrði að bæði félögin taki það á sig. Ákveðið var að skemmtunin verði laugardaginn 2. þorradag. Bjarni Þorvarðsson ritari

### 11. janúar 1955

Stjórnarfundur haldinn að Esjubergi 11. janúar 1955 allir mættir. Ákveðið var að halda aðalfund deildarinnar sunnudaginn 16. þessa mánaðar klukkan tvö og að björgunarsveitin kæmi saman til æfinga klukkan tólf sama dag. Þá lá fyrir boð frá Búnaðarfélaginu að halda þoraskemmtun með sama sniði og síðasta ár, en ágóðinn að jöfnu til félaganna. Málinu vísað til aðalfundar og komandi stjórnar.

Fundi slitið, Bjarni Þorvarðsson ritari

#### 16. janúar 1955 [er skráð 1954 í fyrirsögn]

Aðalfundur S.F.D.K. var haldinn að Klébergi sunnudaginn 16. janúar 1955 klukkan 2 e.h. Mættir voru 14 félagar.

Formaður setti fundinn og las dagskrá fundarins og var síðan tekið fyrir fyrsta mál, lesin fundargerð síðasta aðalfundar og stjórnarfundar en Bjarni Þorvarðsson las. Þá las Haraldur Jósefsson upp reikninga félagsins, tekjur urðu 1557 krónur, gjöld engin. Borgað S.V.F.Í. þrjá fjórðu hluta tekna: 1168,47 krónur. Eignir félagsins í árslok 2165,37 krónur. Reikningarnir síðan samþykktir án athugasemda.

Þá flutti formaður félagsins skýrslu um starf félagsins á árinu, gat hann þess að símamálið hefði verið tekið fyrir á þingi S.V.F.Í. en ekki fengist nein lausn á því máli. Þá skýrði formaður frá því að félaginu hefði borist þakkar ávarp frá S.V.F.Í. vegna Laxfoss strandsins.

Þá fóru fram kosningar. Kristján Þorgeirsson og Bjarni Þorvarðsson báðu um frí frá störfum og var það veitt með ánægju. Í stjórn voru kosnir:

Haraldur Jósefsson Sjávarhólum með 12 atkvæði

Oddný Árnadóttir Esjubergi með 12 atkvæði

Páll Ólafsson Brautarholti með 7 atkvæði

Málmhildur Magnúsdóttir Lykkju með 7 atkvæði

Teitur Guðmundsson Móum með 7 atkvæði

Varastjórn: Aðalbjörg Jónsdóttir, Unnur Andrésdóttir, Hörður Hjálmarsson, Gunnar Þorvarðsson og Tryggvi í Skrauthólum. Endurskoðendur voru endurkosnir.

Teitur á Móum gat þess að björgunaræfing færi fram daginn eftir að Arnarhamri. Kristján Þorgeirsson talaði um þorraskemmtun sem haldinn yrði í félagi við Búnaðarfélagið með þeim skilyrðum að [óljóst...væntanlega ágóði] yrði að jöfnuði. Málið borið undir atkvæði og samþykkt.

Kristján bar fram tillögu þess efnis að fundurinn skori á Skólanefnd að hafa brunakaðla í skólahúsum að Klébergi. Tillagan samþykkt.

Þá tók til máls Ólafur Bjarnason Brautarholti og talaði um brunamál og hvort lítið væri gert til að verjast bruna ef eldur væri laus og gat hann þess að brunahætta væri nú mun meiri, þar sem rafmagn væri komið á alla bæi. Um þetta var síðan nokkuð rætt, var síðan vakinn upp gamall draugur er legið hefur sofandi um nokkur ár og hann beðinn að taka til starfa. Þessi draugur var brunanefnd sem var kosinn fyrir mörgum árum í henni eiga sæti Jónas Magnússon, Teitur Guðmundsson og Ólafur Magnússon og starfið nú vel. Þar sem ekki lágu fleiri mál fyrir fundinum en að drekka kaffi sem skólastjórafrúin var að bjóða fundarmönnum og var það þegið með þökkum.

Fundi slitið, Bjarni Þorvarðsson



Jónas Magnússon

#### 6. janúar 1956 [vantar ártal]

Föstudaginn 6. janúar var haldinn stjórnarfundur í S.V.D. Kjalarnes mættir voru Haraldur Jósefsson, Málmhildur Magnúsdóttir, Aðalbjörg Jónsdóttir, Páll Ólafsson og Teitur Guðmundsson. Rædd var starfsemi deildarinnar og undirbúningur aðalfundar. Einnig var samþykkt að halda þorrablót í samvinnu við Búnaðarfélagið, og skyldu félögin skifta með sér ágóðanum að jöfnu. Stjórnin skifti með sér verkum þannig Haraldur formaður, Málmhildur og Aðalbjörg meðstjórnendur, Páll gjaldkeri og Teitur ritari.

Teitur Guðmundsson ritari

#### 13. janúar 1956 [vantar ártal]

Föstudaginn 13. janúar var haldinn stjórnarfundur að Sjávarhólum kl.9. Mætt voru Haraldur Jósefsson, Málmhildur Magnúsdóttir, Aðalbjörg Jónsdóttir, Páll Ólafsson og Teitur Guðmundsson. Gengið var frá reikningum félagsins. Tekjur á árinu voru samtals kr. 970. Skattskyldir félagar 96 fullorðnir og 32 börn. Ræddur var frekari undirbúningur aðalfundar og tilhögun hans.

Teitur Guðmundsson

#### 20. janúar 1956

Aðalfundur S.V.D.K. var haldinn að Klébergi laugardaginn 20. janúar 1956. Mættir voru 15 félagsmenn. Formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna las upp dagskrá fundarins

1. Lesin fundargerð síðasta aðalfundar
2. Lesnir reikningar félagsins
3. Stjórnarkostning
4. Kostning fulltrúa á ársþing S.V.F.Í.
5. Önnur mál

Ritari Teitur Guðmundsson las upp fundargerð síðasta aðalfundar sem borin var upp og samþykkt. Þá las gjaldkeri upp reikninga ársins. Ársgjöld félaga kr.[vantar] og barna kr.[vantar]. Tekjur alls á árinu

[vantar] kr. þar af til S.V.F.Í. 731.16 kr. Eignir samtals 2451 kr. Síðan voru reikningarnir bornir upp og samþykktir samhljóða. Þá skýrði formaður starfsemina á árinu sem hafði verið harla lítil eins og reikningarnir báru vott um. Þá talaði Bjarni Jónsson og spurðist fyrir um hvernig liði kaupum á brunaslöngunum. Haraldur svaraði með að spyrjast fyrir hvert Brunavarnarnefnd hefði starfað. Teitur Guðmundsson svaraði fyrir hönd nefndarinnar, og kvað hana ekkert hafa starfað, enda aldrei kvödd saman til starfa. Þá kvaddi Guðmundur Ólafsson sér hljóðs og ræddi um símamál um hvert ekki væri hægt að fá nætursamband á línuna sem barnaskólinn notaði, einnig lýsti hann sig andvígán því að slysavarnardeildin og Búnaðarfélagið héldi sameiginlegt þorablót. Skemmtanastarfsemin væri ekki of fjölbreytt þótt að hvert starfandi félag héldi sínar samkomur aðskildar. Þá tók Kristján Þorgeirsson til máls og upplýsti það að þegar hann var formaður deildarinnar hafi Landssímanum 2svar verið skrifað varðandi nætursamband og einnig lagt fyrir ársþing S.V.F.Í. og allt án árangurs. Um fleiri samkomur áleit hann ekki að þýddi að halda það hafi reynslan sýnt. Þá tók til máls Guðbjartur Hólm og spurðist fyrir um hvað stjórnin hefði gert á árinu í símamálinu. Haraldur svaraði að stjórnin hefði litið unnið að því, en næsta stjórn þar á undan hefði verið dugleg stjórn en samt hefði ekkert áunnist í því máli. Páll Ólafsson talaði og sagði þótt ekki hefði fengist fullnaðarlausn í símamálum hefði þó mikið áunnist með að fá nætursamband á hinar línurnar. Þá var gengið til kostninga. Teitur Guðmundsson baðst undan endurkostningu.

#### Aðalstjórn

Haraldur Jósefsson 9 atkvæði  
Málmhildur Magnúsdóttir 10 atkvæði  
Aðalbjörg Jónsdóttir 10 atkvæði  
Páll Ólafsson 11 atkvæði  
Kristján Þorgeirsson 5 atkvæði

Varastjórn: Gunnar á Bakka, Oddný Esjubergi, Unnur Móum, Guðmundur Hofi og Bjarni Dalsmynni. Fulltrúar á ársþingi S.V.F.Í.: Ólafur Brautarholti 6 atkvæði, Haraldur Sjávarhólum 8 atkvæði, Teitur Móum 4 atkvæði, Páll Brautarholti 3 atkvæði. Endurskoðendur voru samhljóða endurkjörnir. Að lokinni kostningu var orðið gefið laust. Formaður skýrði frá því að ákveðið hefði verið að halda þorablót í samvinnu við Búnaðarfélagið þar sem ekki fleiri kvöddu sér hljóðs og ekki fleira lá fyrir var fundi slitið.

Teitur Guðmundsson fundarritari

#### 20.janúar 1956

Stjórnarfundur Slysavarnardeildar Kjalarness var haldinn 20.janúar 1956 eftir aðalfund. Hin nýkjörna stjórn deildarinnar skipti með sér verkjum þannig að Haraldur Jósefsson var kosinn formaður, Kristján Þorgeirsson sem gjaldkeri og Páll Ólafsson sem ritari.

Þá var og rætt um fyrirkomulag á þorablótinu sem fyrirhugað er að deildin haldi með Búnaðarfélaginu. Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Páll Ólafsson ritari

#### 1.mars 1956

Stjórnarfundur haldinn að Sjávarhólum kl.9 e.h. Mættir voru allir stjórnarmeðlimir.

Rætt var um að reyna að halda skemmtun í vor til fjáröflunar og var samþykkt að athuga og undirbúa það. Þá var rætt um að auka tekjur deildarinnar og vegna tilmæla frá S.V.F.Í. var samþykkt að hækka árgjald fullorðinna upp í kr. 10 og barna undir 14 ára í 2 krónur.

Þá kom formaður með þau tilmæli að félagið héldi námskeið í hjálp í viðlögum. Samþykkt var að fela formanni að útvega húsnæði til námskeiðsins og semja við Jón Oddgeir Jónsson um að halda það í vor.

Rætt var um störf brunamálanefndar, og þar sem hún virtist ekki hafa vaknað úr þyrnirósarsvefni sínum var samþykkt að fela formanni að klæðast búningi kóngssonarins og vekja hana til starfa.

Fundi slitið, Páll Ólafsson ritari

#### 20.janúar 1957

Aðalfundur S.V.D. Kjalarneshrepps var haldinn sunnudaginn 20.janúar 1957 að Klébergi.

Formaður deildarinnar Haraldur Jósefsson setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna en mættir voru 12 félagsmenn.

Formaður gerði grein fyrir starfsemi félagsins á árinu sem hann hvað kvað því miður heldur litla, vegna ýmissa erfiðleika.

Þá las ritari upp fundargerð seinasta aðalfundar og stjórnafunda. Voru þær bornar upp og samþykktar samhljóða.

Gjaldkeri las því næst upp reikninga félagsins, sem formaður seinna bar undir atkvæði og voru þeir samþykktir í einu hljóði.

Þá ræddi formaður um starf deildarinnar, um tekjuöflun hennar og æfingar björgunarsveitarinnar. Kristján Þorgeirsson talaði um æfingar björgunarsveitarinnar sem hann sagði að gjarnan mætti vera meiri, einnig viðhald björgunartækjanna.

Þá var gengið til kosninga. Þessir hlutu kosningu í aðalstjórn:

Málmhildur Magnúsdóttir með 9 atkvæði  
Aðalheiður Jónsdóttir með 8 atkvæði  
Kristján Þorgeirsson með 8 atkvæði  
Páll Ólafsson með 10 atkvæði

Haraldur Jósefsson með 8 atkvæði

Varastjórn: Bjarni Þorvarldsson/Þorvarðsson, Unnur Andrésdóttir, Guðmundur Ólafsson, Guðrún Bjarnadóttir, Teitur Guðmundsson.

Síðan kom formaður með þá tillögu að kosin yrði skemmtinefnd með stjórninni til að halda tombólu næsta haust. Þar sem ekki lá fleira fyrir sleit formaður fundi.

Páll Ólafsson ritari

#### 20.janúar 1957

Stjórnarfundur í stjórn S.V.D. Kjalarness, haldinn að Klébergi eftir aðalfund. Stjórnin var sú sama og árið áður, og skipti hún með sér verkum eins og hún hafði gert áður.

Rætt var um skipulag á þorrablótinu sem ákveðið var að halda með Búnaðarfélaginu. Fleira var ekki tekið fyrir.

Páll Ólafsson

#### 26.maí 1957 [vantar ártal]

Stjórnarfundur haldinn í Slysavarnardeild Kjalarnes sunnudaginn 26.maí kl.9 e.h. að Berrgvík. Mættir voru allir stjórnarmeðlimir.

Tekið var til umræðu bréf sem borist hafði frá nefni þeirri sem er til aðstoðar hreppsnefndinni við undirbúning undir byggingu Félagsheimilis, þess efnis hvort Slysavarnardeildin óskaði eftir að gerast aðili að byggingunni. Samþykkt var að skrifa nefndinni eftirfarandi bréf:

Fundur haldinn í stjórn SvD. Kjalarness sunnud. 26.maí 1957. Tók til umræðu, bréf sem borist hafði frá nefnd þeirri sem fjallar um undirbúning undir byggingu Félagsheimilis. Sem svar við þessu bréfi, telur stjórnin ekki fært að svo komnu máli, að SvD. Kjalarness verði aðili að byggingunni.

Þá ræddi formaður um námskeið sem ákveðið hefur verið að halda í hjálp í viðlögum. Stóðu vonir til að hægt verði að halda það einhverja næstu helgar.

Fleira gerðist ekki. Fundi slitið.

Páll Ólafsson ritari

#### 23.febrúar 1958

[Aðal] Fundur haldinn í Slysavarnardeild Kjalarness, sunnudaginn 23.febrúar 1958 að Klébergi kl.4 e.h. Mættir voru 18 félagsmenn.

Formaður Haraldur Jósefsson setti þennan aðalfund en ritari félagsins ritaði fundargerðina. Þá las ritari upp fundargerð seinasta aðalfundar og stjórnarfundar og voru þær samþykktar.

Gjaldkeri félagsins Kristján Þorgeirsson las upp reikningana og skýrði þá. Höfðu komið raddir um það að deildinni ekki bæri að greiða Slysavarnarfélagi Íslands skatt af vöxtum af innistæðum. Var samþykkt að leita umsagnar S.V.F.Í.

Þá var gengið til kosninga. Haraldur Jósefsson baðst undan endurkosningu. Kosningu hlutu:

Ólafur Kr. Magnússon 6 atkvæði

Bjarni Jónsson 10 atkvæði

Páll Ólafsson 13 atkvæði

Aðalbjörg Jónsdóttir 9 atkvæði

Kristján Þorgeirsson 11 atkvæði

Varastjórn: Rannveig Magnúsdóttir, Guðrún Guðmundsdóttir, Jón L.[óskyrt] Tryggvason, Björg Johannsdóttir, Haraldur Jósefsson. Fulltrúar á þing S.V.F.Í. Ólafur Bjarnason og Málmhildur Magnúsdóttir. Til vara: Ólafur Kr. Magnússon og Haraldur Jósefsson.

Önnur mál: Kristján Þorgeirsson kvað sér hljóðs og talaði um æfingu björgunarsveitarinnar og viðhald björgunartækja. Einnig kvað hann rétt að fundurinn samþykkti áskorun til formanns björgunarsveitarinnar að halda oftari æfingar og hafa nákvæmara eftirlit með skotum og línunum tækjanna. Fleiri tóku til máls um þetta mál og töldu mikla þörf á því að efla slysavarnir og búa búa björgunarsveitina betri tækjum.

Var stjórninni falið að ítreka við formann björgunarsveitarinnar um að hafa æfingar oftari eða a.m.k. einu sinni á ári. Þar sem ekki kom neitt fram sem fundarmenn vildu ræða sleit formaður fundi.

Páll Ólafsson ritari



Ólafur Kr. Magnússon

#### 14.mars 1958

Fundur haldinn í stjórn S.V.D. Kjalarnes 14.mars 1958. Mættir voru allir stjórnarmeðlimir, nema Ólafur Kr. Magnússon.

Fyrsta mál fundarins var að stjórnin skipti með sér verkum, og gerði hún það þannig að Páll Ólafsson var kjörinn formaður, Kristján Þorgeirsson gjaldkeri og Ólafur Kr. Magnússon sem ritari. Þá skýrði

Kristján frá því að hann hefði leitað umsagnar hjá fulltrúa hjá S.V.F.Í., hvort Slysavarnardeildinni bæri skylda til að greiða hluta af vaxtatekjum sínum til S.V.F.Í. en svar fulltrúans hefði það verið það að það væri ekki skylt.

Rætt var um björgunarsveitina, tæki hennar og æfingar. Einnig var rætt um geymslustað björgunartækjanna.

Fleira var ekki tekið fyrir. Fundi slitið.

Páll Ólafsson

#### 4. janúar 1959

Ár 1959 þann 4. janúar kom stjórn Slysavarnardeildar Kjalarneshrepps saman að fund í Brautarholti. Stjórnin öll mætt nema Bjarni í Dalsmynni. Þetta var rætt á fundinum:

1. Rætt um aðalfund félagsins, að hann yrði haldinn helst í janúar. Reynt yrði að fá mann frá Slysavarnarfélagi Íslands til að sýna kvikmynd. Skyldi aðalfundur þá haldinn, er rætt hefði verið við S.V.F.Í. og fundur þá hafður er tiltækilegt þætti.
2. Samþykkt var að endurnýja og gera við tæki björgunarsveitarinnar eftir því sem nauðsyn krefði. Í því sambandi var rætt um sjúkrabörur. Leitað skyldi upplýsinga um það, kvaða tæki félaginu væri nauðsyn að eiga.
3. Rætt um þátttöku í sambandi við þorablót, er væntanlega yrði haldið. Samþykkt að stjórnin aðstoðaði við það, ef aðrir aðilar æsktu eftir samstarfi í því efni.

Er hér var komið fundinum mætti Bjarni í Dalsmynni og var stjórnin þar með öll mætt.

Fleira var ekki tekið fyrir.

Fundi slitið

Ólafur Kr. Magnússon

#### 22. febrúar 1959

Ár 1959 þann 22. febrúar var aðalfundur Slysavarnarfélags Kjalarness haldinn að Klébergi. Fundur var settur kl. 14.15. Formaður setti fundinn. Voru því næst lesnar þrjár fundargerðir síðasta árs. Formaður skýrði ástæðuna fyrir því að ekki hefði reynst unnt að fá kvikmynd til sýningar.

Gjaldkeri las upp og skýrði reikninga s.l. árs. Reikningur hafði verið endurskoðaður og engar athugasemdir gert við reikninginn. Reikningurinn síðan [samþykktur].

Kosning í stjórn: Páll Ólafsson, Brautaholti og Ólafur Kr. Magnússon, Klébergi skorudustu eindregið undan endurkosningu. Þessir hlutu kosningu í stjórn félagsins:

Kristján Þorgeirsson með 16 atkvæði  
Aðalbjörg Jónsdóttir með 12 atkvæði  
Bjarni Jónsson með 10 atkvæði  
Björg Jóhannsdóttir með 8 atkvæði  
Sigríður Gísladóttir með 8 atkvæði

Varastjórn: Rannveig Magnúsdóttir, Jón Leví Tryggvason, Bjarni Þorvarðarson, Teitur Guðmundsson, Snorri Gunnlaugsson. Endurskoðendur voru kjörnir án atkvæðagreiðslu, Ólafur í Brautarholti og Unnur í Móum.

Alls mættu á fundi 18 manns. Fleira ekki tekið fyrir.

Fundi slitið, Ólafur Kr. Magnússon ritari



Jón Leví Tryggvason

#### 22. apríl 1959

var haldinn stjórnarfundur í S.V.D. Kjalarness. Mættir voru allir stjórnarmeðlimir.

Fyrri mál fundarins, var það að stjórnin skipti með sér verkum, og var Bjarni Jónsson kosinn formaður, Kristján Þorgeirsson gjaldkeri og Björg Jóhannsdóttir ritari. Meðstjórnendur eru þær Aðalbjörg Jónsdóttir og Sigríður Gísladóttir.

Kristján Þorgeirsson skýrði frá því að hann hefði leitað eftir hjá Slysavarnarfélagi Íslands um kaup á sjúkrabörum, en þær voru þá ekki fyrir hendi nema of þungar og þóttu óhentugar, lofaði hann að athuga þetta síðar, og voru allir sammála um að deildin þyrfti að eignast sjúkrabörur.

Kristján vakti einnig máls á því hvort ekki myndi kleift að halda skemmtun til fjáröflunar og var ákveðið að taka það til athugunar.

Fleira var ekki rætt. Fundi slitið.

Björg Jóhannsdóttir ritari

#### 6. maí 1960

Þann 6.maí 1960 var boðað til aðalfundar í Slysavarnarfél. Kjalarneshrepps. Aðeins stjórnin mætti og fáeinir krakkar, þannig að ekki var fundarfært.

Varð því úr þessu stjórnarfundur, þar sem ákveðið var að stjórnin sæti áfram næsta ár, því að ekki myndi þýða að boða annan fund, þar sem áhugi fólks virtist æði takmarkaður. En annatími færi í hönd.

Kjósa þurfti fulltrúa á landsþing Slysavarnarfél. Íslands og voru kosnir: Ólafur Bjarnason Brautarholti og Haraldur Jósefsson Sjávarhólum, en til vara Bjarni Jónsson Dalsmynni og Bjarni Þorvarðarson Bakka.

Aðalbjörg á Hofi gat þess, að Málmhildur í Lykkju, sem ekki gat mætt á fundinum vegna lasleika, hefði fært í tal við sig hvort ekki væri tilhlýðilegt að félagið gæfi Viðari Guðnasyni frá Saltvík einhverja peninga upphæð, en hann hefði sem kunnugt væri slasast alvarlega á síðastliðnu sumri og væri ákveðið að hann færi til Ameríku á næstunni að leita sér lækninga. Einhverjar umræður urðu um það hvort stjórnin hefði leyfi til slíkra fjárveitinga, en að lokum urðu allir sammála um það, að þar sem félagsmenn mættu ekki á fundinum, yrði stjórnin að taka ákvarðanir. Samþykkt að gefa 1000,00 krónur eitt þúsund krónur og gjaldkera falið að koma því áleiðis.

Fleira ekki rætt, fundi slitið.

Björg Jóhannsdóttir ritari

Myndir fengar úr bókinni Kjalnesingar.